

**Nd.**

**147. Tillaga**

til þingsályktunar um þýðing og gildi þinglýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um, hvaða skjölum skuli þinglýsa og um þýðing og gildi þinglýsinga.

**Greinargerð.**

Með því að frv. það um þinglýsing skjala og aflýsing, sem Nd. hefir til meðferðar, er svo að segja eingöngu um hina formlegu aðferð við þinglýsingar og aflýsingar, en hinsvegar mikil þörf á að fá lagaákvæði um þau atriði, er tillagan ræðir um, þar sem gildandi ákvæði í þessum efnum eru bæði ófullkomin og úrelt, þá hefir nefndin talið rjett að bera fram þessa tillögu og væntir, að deildin muni sjá sjer fært að samþykkja hana.

Það skal tekið fram, að nefndin sjer sjer ekki fært sökum annríkis að semja lagabálk um þetta, því að það verk er talsvert umfangsmikið og vandasamt.